

## 6. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.

Haldinn föstudaginn 3. maí kl.16:00 í Bryðjuholti

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir, Marta Esther Hjaltadóttir og Bjarni Arnar Hjaltason

### Dagskrá:

1. Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps, framhald frá síðasta fundi.
2. Brúarhlöð, ástand svæðis.
3. Heilsueflandi Hrunamannahreppur.
4. Hreint Suðurland, hreinsunaráttak heilbrigðiseftirlits Suðurlands.
5. Umhverfisdagur Hrunamannahrepps.

#### 1. Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps, framhald frá síðasta fundi.

Nefndin fór yfir tilnefningar. Margar efnilegar tilnefningar bárust nefndinni og átti nefndfólk í erfileikum með að velja úr þeim. Vel tókst til að óska eftir tilnefningum, ljóst er að margir hugsa vel um sitt nánasta umhverfi. Ákveðið var að bæta við flokki viðurkenninga sem kallast Umhverfishrós Hrunamannahrepps.

Breyting verður á verðlauna gripum nú verða afhent skilti sem verðlaunahafar geta haft utandyra annað hvort á vegg eða sem skilti sem hægt er að setja við bæjarskiltin einnig verður afhent viðurkenningarskjal. Formaður útvegar verðlaun í samráði við skrifstofu Hrunamannahrepps. Greint verður frá verðlaunahöfun í viðhengi. Valdís vék sæti undir þessum lið Marta Esther Hjaltadóttir tók sæti í hennar stað.

#### 2. Brúarhlöð, ástand svæði

Bjarni kynnti málið.

*D listi sjálfstæðismanna og óháðra leggur til að forsvarsmenn sveitarfélagsins fundi með landeigendum Brúarhlaða um úrbætur á þeim umhverfisvandamálum sem þar eru. Brúarhlöð eru orðin gríðarlega vinsæll ferðamannastaður og því verður að ráðast í aðgerðir strax til að vernda svæðið og gera það sjálfbært.*

Umhverfisnefnd samþykkir ályktunina samhljóða og vísar henni til sveitarstjórnar þar sem svæðið er byrjað að láta á sjá.

#### 3. Heilsueflandi Hrunamannahreppur.

Erindi barst frá verkefnastjóra Heilsueflandi Hrunamannahrepps sem er verkefni til að bæta heilsu Hrunamanna. Þar er hvatt til að nefndir sveitarfélagsins hafi heilsueflingu að leiðarljósi í sínu störfum. Umhverfisnefnd tekur heilshugar undir erindið og mun hafa heilsueflingu að sínu leiðarljósi. Leggur umhverfisnefnd til að farið verður í áttak við að merkja göngu og reiðleiðir í sveitinni bæði í þettbýli, dreifbýli og afrétti sem fyrst. Sérstaklega þarf að huga að gönguleiðinni uppá Miðfell sem er byrjuð verulega að láta á sjá.

#### 4. Hreint Suðurland, hreinsunaráttak heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands kynnr áttakið Hreint Suðurland sem er hreinsunaráttak miðað að lóðum og lendum í umdæminu.

Áttakið er áskorun til lóðarhafa, íbúa og landeigenda á Suðurlandi, að þeir gangi í það að hreinsa af lóðum sínum og lendum, allt það sem getur valdið ónæði, mengun eða lýti á umhverfinu.

Jafnframt verður hægt að krefjast lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum ef

nauðsynlegt þykir, auk þess sem heimilt er að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bíflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörðun á, kostnað eigenda.

Umhverfisnefnd tekur jákvætt í þetta verkefni og vonast til að fá óháðan úttektaraðila til að taka út Hrunamannahrepp á jákvæðum nótum og vinna þetta í samstarfi við íbúa og umhverfisnefnd.

Umhverfisnefndin beinir því til sveitarfélagsins að ganga á undan með góðu fordæmi með að hafa sitt umráðasvæði til fyrirmyndar má þar sérstaklega nefna umhverfi áhaldahúsins sem má verulega bæta og umráðasvæði hreppsins í Laxárhlið.

**5. Umhverfisdagur Hrunamannahrepps.**

Umhverfisdagur Hrunamannahrepps verður haldinn 10. maí og hvetur Umhverfisnefnd alla að hreinsa sitt umhverfi. Umhverfisnefndin leggur til að ruslasvæðið verði opinn frá morgni til kvölds þennan dag og að starfsmaður verði á svæðinu til halds og trausts til þess að flokkun verði sem best.

Fundi slitið 18:15